

## Tryggingarskilmálar

Tryggingarskilmálar þessir snúa að þér sem tryggingaþega okkar og samningsaðila.

### A-hluti - Bótapættir

Hér er að finna sérstakar reglur er varða þá þætti sem um samdist okkar í millum. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru skertar eða útilokaðar. Auk þess er lýst sérstökum skyldum og skuldbindingum sem hafa verður í huga. Skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti er einnig að finna í B-hluta.

#### Áhættulíftrygging Plús E307

Blaðsíða

1.	Forsendur bótageiðslna og umfang bóta.....	1
2.	Greiðsla úr hagnaðarhlutdeild	2
3.	Reglur um samning samkvæmt gjaldskrá fyrir reyklausu .....	3
4.	Bótapegi og millifærsla greiðslna .....	4
5.	Útilokanir frá bótum og takmarkanir bóta.....	4
6.	Samstarfsskyldur þínar .....	4
7.	Kostnaður vegna samningsins .....	5
8.	Undanþága frá greiðslu iðgjalds.....	6
9.	Uppsögn .....	6
10.	Möguleikar við samningsgerð.....	6

#### Þátturinn „Eftirlifendalífeyrir“ - Höfuðstóll við andlát af slysförum E3

Blaðsíða

1.	Forsendur bótageiðslna og umfang bóta	9
2.	Ítarlegri reglur um hagnaðarhlutdeild	9
3.	Ítarlegri reglur um kostnað vegna samningsins	9
4.	Takmarkanir bóta og útilokanir frá bótum	10
5.	Sérstakar samstarfsskyldur þínar	10
6.	Yfirlýsing vegna bótaskyldu okkar	11
7.	Tengsl þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ við grunnþáttinn	11
8.	Undanþága frá greiðslu iðgjalds og uppsögn þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“	12

### B-hluti - Skyldur sem gilda um alla þætti

Hér er að finna mikilvægar skyldur og skuldbindingar sem gilda um fleiri en einn þátt. Frekari skyldur og skuldbindingar er að finna í A-hluta. Reglur B-hluta gilda um allan samninginn svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

Blaðsíða

1.	Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð.....	13
2.	Skyldur sem snerta greiðslu iðgjalds .....	13
3.	Frekari samstarfsskyldur .....	14

### A-hluti - Bótapættir

Hér er að finna sérstakar reglur er varða þá þætti sem um samdist okkar í millum. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru skertar eða útilokaðar. Auk þess er lýst sérstökum skyldum og skuldbindingum sem hafa verður í huga. Skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti er einnig að finna í B-hluta.

#### Áhættulíftrygging Plús E307

### C-hluti - Almennar reglur

Reglur C-hluta gilda um allan samninginn, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

Blaðsíða

1.	Upphaf tryggingarverndar.....	16
2.	Tryggingarskírteini.....	16
3.	Þýskur réttur.....	16
4.	Varnarþing .....	16
5.	..... Fyrning	16

### Hugtakaskýringar

Í lok tryggingarskilmálanna er að finna skilgreiningar helstu hugtaka sem notuð eru í textanum. Í meginmáli fyrsta þáttar höfum við auðkennt þessi hugtök með „→“. Dæmi: →Tryggingaþegi.

Hér er að finna reglur um Áhættulíftryggingu Plús. Ef fleiri þættir eru innifaldir í samningnum er í reglum þeirra fjallað um Áhættulíftryggingu Plús sem grunnþátt.

## 1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta

Í þessum hluta er fjallað um:

- 1.1 Hvaða bætur greiðum við við andlát?
- 1.2 Hvaða bætur greiðum við við alvarleg veikindi þar sem hámarkslíflíkur eru 12 mánuðir?
- 1.3 Hvaða reikniforsendur gilda um trygginguna?

### 1.1 Hvaða bætur greiðum við við andlát?

#### (1) Bætur við andlát

Ef →hinn tryggði andast fyrir umsamin lok tryggingartímans greiðum við þann tryggða höfuðstól sem um var samið fyrir slíkt tilvik. Í tryggingum sem fleiri eiga aðild að (→félagatryggingar) greiðum við umsamin tryggðan höfuðstól við andlát fyrir þann aðila sem deyr fyrst.

Ef margir →tryggðir deyja á sama tíma greiðum við aðeins tryggðan höfuðstól einu sinni.

Við greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

#### (2) Hærri greiðslur við andlát undir vissum kringumstæðum

##### a) Fæðing eða ættleiðing barns

Ef →hinn tryggði andast innan fyrstu þriggja mánaða frá fæðingu barns hins tryggða eða frá því að hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling greiðum við höfuðstól sem nemur 25.000 evrum, óháð greiðslum samkvæmt 1. mgr. Ef um fjölburafæðingar eða ættleiðingar fleiri en eins barns er að ræða greiðum við höfuðstólinn aðeins einu sinni.

Ef þú tilkynnir okkur skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi eða tölvupósti) um fæðinguna eða ættleiðinguna innan þriggja mánaða lengist þessi hækkaða tryggingarvernd við andlát í samtals sex mánuði.

Við greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

##### b) Upphaf byggingarframkvæmda eða kaup á fasteign

Ef →hinn tryggði andast innan fyrstu þriggja mánaða frá upphafi byggingarframkvæmda eða kaupum á fasteign greiðum við höfuðstól sem nemur 25.000 evrum, óháð greiðslum samkvæmt 1. mgr. Fresturinn hefst frá deginum sem byggingarleyfi er veitt eða frá því að kaupsamningi er þinglýst.

Ef þú tilkynnir okkur skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) um byggingarframkvæmdina eða fasteignakaupin innan þriggja mánaða lengist þessi hækkaða tryggingarvernd við andlát í samtals níu mánuði. Fresturinn hefst frá deginum sem byggingarleyfi er veitt eða frá því að kaupsamningi er þinglýst.

Við greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

### 1.2 Hvaða bætur greiðum við við alvarleg veikindi þar sem hámarkslíflíkur eru 12 mánuðir?

Við alvarleg veikindi þar sem hámarkslíflíkur eru 12 mánuðir er hægt að fara fram á að við greiðum tryggða höfuðstólinn sem um var samið fyrir slíkt tilvik áður en →hinn tryggði fellur frá.

Í tryggingum sem fleiri eiga aðild að (→félagatryggingar) greiðum við umsamin tryggðan höfuðstól við alvarleg veikindi fyrir einn →hinna tryggðu.

Ef margir →tryggðir veikjast alvarlega á sama tíma greiðum við aðeins umsamin tryggðan höfuðstól einu sinni.

#### (1) Forsendur

- →Hinn tryggði veikt af alvarlegum sjúkdómi meðan á tryggingartímanum stendur. Alvarlegur sjúkdómur telst sérhver ágengur, ólæknanlegur sjúkdómur sem leiða mun til andláts innan 12 mánaða. Starfandi séfræðilæknir á viðkomandi sjúkdómssviði í Þýskalandi

skal greina lífslíkur hins tryggða. Greining á lífslíkum skal fara fram þegar krafa um bótagreiðslu vegna alvarlegra veikinda er lögð fram.

- Eftirstandandi tryggingartími er lengri en 12 mánuðir.

#### (2) Áhrif

Við greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

#### (3) Áhrif á aðra þætti

Ef samið var um þættina „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ eða „Lífeyrir vegna óvinnufærni“ falla þeir niður.

Ef við greiðum lífeyri vegna óvinnufærni á þeim tíma sem greiðsla vegna alvarlegra

veikinda er innt af hendi heldur lífeyrisgreiðslan óbreytt áfram.

### 1.3 Hvaða reikniforsendur gilda um trygginguna?

#### (1) Reikniforsendur við samningsgerð

Við gerð samningsins notum við eftirfarandi reikniforsendur við útreikning á tryggðum bótum:

- dánartíðnitöflu okkar „AZ 2012 T DIFF U“ (→töflur),
- →reiknivextina 0,9 prósent og
- →kostnað vegna Áhættulíftryggingar Plús (sjá nánar í tölul. 7.1).

Ef samið var um fleiri þætti beittum við, við útreikning á tryggðum greiðslum úr þessum þáttum, frekari →töflum sem tilgreindar eru í reglum viðkomandi þátta.

#### (2) Reikniforsendur þegar bætur hækka og í öðrum tilvikum

Þegar bætur hækka (til dæmis með hækkunum sem verða smám saman) reiknum við viðbótarbæturnar alltaf með reikniforsendunum (einkum →reiknivöxtum, →töflum og →kostnaði vegna Áhættulíftryggingar Plús), sem lagðar voru til grundvallar við gerð samningsins.

Ef aðrar reikniforsendur en þær sem lágu til grundvallar við samningsgerð eru í gildi á hækkuardeggi og snerta útreikning á →bótasjóði í nýjum sambærilegum tryggingum, vegna ákvarðana eftirlitsyrivalda og/eða opinberra yfirlýsinga Félags þýskra tryggingafræðinga (DAV), getum við sömuleiðis lagt þær til grundvallar við bótahækkanir. Ef gildandi reikniforsendur fyrir útreikning á →bótasjóði breytast á ný, eftir hækku bóta, getum við, við síðari hækku bóta, beitt nýju reikniforsendunum eða lagt áfram til grundvallar þær reikniforsendur sem síðast var beitt.

Við greinum þér frá því ef við beittum öðrum reikniforsendum en við samningsgerð eða við síðustu hækku bótagreiðslna.

Þegar bætur hækka leggjum við, við útreikning á viðbótarbótum, í hæsta lagi það prósentustig →kostnaðar vegna Áhættulíftryggingar Plús til grundvallar, sem kom fram við samningsgerð.

Að undanskildum þeim tilvikum þegar greiðslur hækka gilda þessar reglur á sama hátt, þegar skilmerkilega er vísað til þeirra í viðkomandi liðum þessara tryggingarskilmála.

## 2. Greiðsla úr hagnaðarhlutdeild

Um hlutdeild í hagnaði gilda eftirfarandi reglur. Ef sérákvæði gilda um einstaka þætti er þau að finna í reglum viðkomandi þátta.

Í þessum hluta er fjallað um:

- 2.1 Hverjar eru forsendurnar fyrir hlutdeild í hagnaðinum?
- 2.2 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum?
- 2.3 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í matssjóðunum?

### 2.1 Hverjar eru forsendurnar fyrir hlutdeild í hagnaðinum?

#### (1) Engin trygging fyrir upphæð hagnaðarhlutdeilda

Við getum ekki ábyrgst upphæð hagnaðarhlutdeildar. Annars vegar ræðst upphæð hagnaðarhlutdeildar af mörgum atriðum sem ekki verða séð fyrir og sem við höfum einungis takmörkuð áhrif á. Mikilvægasti áhrifaþátturinn er þróun fjármálamarkaðarins. En þróun þeirrar áhættu sem við tryggjum og kostnaðar skipta hér einnig máli. Hins vegar hlýst hagnaðarhlutdeildin af orsakamiðaðri aðferð (sjá nánar um það í einstökum atriðum í tölul. 2.2). Í óhagstæðasta tilviki getur hagnaðarhlutdeild samningsins verið núll.

Við upplýsum þig árlega um þróun hagnaðarhlutdeildarinnar.

## (2) Einstakir liðir hagnaðarhlutdeildar

Hagnaðarhlutdeildin felur í sér 2 liði:

- hlutdeild í hagnaði (sjá nánar einkum tölul. 2.2) og
- hlutdeild í →matssjóðunum (sjá nánar einkum tölul. 2.3).

Varðandi hagnaðarhlutdeild förum við hverju sinni að fyrirætlum eftirfarandi laga

- þýskra laga um tryggingarsamninga (VVG), þá sérstaklega 153. gr. VVG,
- þýskra laga um eftirlit með starfsemi váttryggingarfélaganna (VAG), þá sérstaklega 139. og 140. gr. VAG
- og þeim reglugerðum sem gefnar hafa verið út þar um, sem og birtum reglugerðum í þeirri útgáfu sem í gildi er hverju sinni, einkum og sér í lagi reglugerð um lágmarksendurgreiðslu líftryggingariðgjalda (MindZV).

## (3) Ráðandi hagnaður og matssjóðir

Grundvöllur hlutdeildar í hagnaði er hagnaðurinn, sem við finnum árlega innan ramma ársuppgjörsins samkvæmt fyrirætlum verslunarlaga (HGB). Við ákvörðun ársuppgjörs er - að teknu tilliti til gildandi fyrirætlana og reglna um eftirlitsnefndir - ákvarðað hver hlutur árlegs hagnaðar skal vera sem fellur tryggingarþegum í heild sinni í skaut. Þennan hluta hagnaðar færjum við →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda til tekna, svo framarlega sem hann er ekki færður beint hagnaðartengdum samningum til tekna. →Varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda má eingöngu ráðstafa til hlutdeildar →tryggingaþega í hagnaði. Við getum aðeins í lögheimiluðum undantekningartilvikum vikið frá þessu að fengnu samþykki viðkomandi eftirlitsyfirvalda hvað okkur varðar.

Forsenda fyrir hlutdeild í →matssjóðum eru matssjóðirnir, sem við reiknum út samkvæmt fyrirætlum verslunarlaga (HGB), og á það við um ráðandi fyrirætlun laga um tryggingaefirlit fyrir hlutdeild í matssjóðum allra samninga sem rétt eiga á hlutdeild í matssjóðum.

Færsla yfir í →varasjóð vegna endurgreiðslu iðgjalda leiðir ekki til þess að samningurinn eigi kröfu til tiltekinna hagnaðarhlutdeildar.

### 2.2 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum?

Hlutdeild í hagnaði er ákveðin með orsakamiðaðri aðferð. Hér á eftir gerum við grein fyrir því

- hvers vegna við myndum hagnaðarhópa (sjá 1. mgr., tölul. 2.2),
- hvernig við reiknum út hagnaðarhlutdeild samningsins til að ákvarða →hlut í lokahagnaði (sjá 2. mgr., tölul. 2.2)

og

- hvernig samningurinn öðlast hlutdeild í hagnaði á samningstímanum (sjá 3. mgr., tölul. 2.2).

Fjármagn til hlutdeildar í hagnaði er alltaf fengið úr →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda (sjá tölul. 2.1, 3. mgr.). Það er ekki nema það hafi þá þegar verið fært til tekna beint á þá samninga sem rétt eiga á hagnaðarhlutdeild sem fjármagnið er skuldfært á tekjur rekstrarársins.

## (1) Myndun hagnaðarhópa

Einstakar tryggingar leggja mismunandi mikið af mörkum við myndun hagnaðarins. Þess vegna tökum við sambærilegar tryggingar saman í svonefnda hagnaðarhópa. Innan hagnaðarhópanna eru síðan mismunandi undirhópar þar sem horft er til frekari einkenna sem greina þá að. Skipun einstakra samninga í hagnaðar- og undirhóp ræðst til dæmis af

- eðli áhættunnar sem tryggð er (til dæmis andláts- eða örorkuáhætta),
- því stigi sem tryggingin er á (til dæmis fyrir eða eftir upphaf lífeyristöku),
- tryggingarbyrjun eða
- eðli iðgjaldsgreiðslu.

Hagnaði sem ætlaður er öllum samningum sem eiga rétt á hagnaðarhlutdeild deilum við á einstaka hagnaðar- og undirhópa.

Þá tökum við mið af því að hve miklu leyti hagnaðar- og undirhópar tóku þátt í myndun hagnaðarins.

Upplýsingar um það hvaða hagnaðar- og undirhópi tryggingin tilheyrir er að finna í tryggingagögnunum undir fyrirsögninni „Hvaða hagnaðarhópar og undirhópar liggja samningnum til grundvallar?“ Skipun í hópa ræður því hvernig hagnaðarhlutum er ráðstafað síðar meir.

## (2) Prósentuhlutur hlutdeildar í hagnaði ákvarðaður

Til að finna þá hagnaðarhlutdeild sem tryggingu þinni er úthlutað (sjá 3. mgr. tölul. 2.2) skilgreinir stjórn tryggingafélagsins, að fenginni tillögu →ábyrgs tryggingafræðings fyrir upphaf hvers almanaksárs, →prósentuhluta í hagnaði fyrir eitt ár í senn (svonefnd hagnaðaryfirlýsing).

→Prósentuhlutir í hagnaði einstakra hagnaðar- og undirhópa (sjá 1. mgr., tölul. 2.2), sem og mismunandi tegunda hagnaðarhluta (sjá 3. mgr., tölul. 2.2.), eru ákvarðaðir sem prósentuhlutar tiltekinna →reiknistuðla.

Ákvörðun →prósentuhluta í hagnaði getur í óhagstæðasta tilviki leitt til þess að ekki verði ráðstafað neinum hagnaðarhlut til viðkomandi samnings eða ekki öllum tegundum hagnaðarhluta sem til álita koma (sjá 3. mgr., tölul. 2.2).

→Prósentuhlutir í hagnaði eru birtir árlega í viðauka við ársskýrslu okkar sem hægt er að panta hjá okkur hvenær sem er, eða við greinum þér frá þeim með öðrum hætti.

## (3) Hlutdeild í hagnaði

Í upphafi tryggingarárs veitum við áhættulíftryggingu Plús hlutdeild í þeim hagnaði sem náðist (árlegir hagnaðarhlutar), allt eftir því í hvaða hagnaðar- eða undirhóp tryggingunni var skipað.

### a) Útreikningur og úthlutun hagnaðarhluta

Upphæð þeirra hagnaðarhluta sem ráðstafa skal inn á samninginn er ákvörðuð samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Þá leggjum við til grundvallar skilgreinda →prósentuhluti hagnaðar eins og þeir eru í gildi á hverjum tíma (sjá 2. mgr., tölul. 2.2) og viðkomandi →reiknistuðul.

→Reiknistuðull á iðgjaldstímanum er umsamið iðgjald fyrir áhættulíftryggingu Plús. Ef tryggingin er iðgjaldafri færð þú enga hagnaðarhluta.

### b) Ráðstöfun hagnaðarhluta

Með hverju gjaldföllu iðgjaldi fær tryggingin hagnaðarhluta sem ákvarðast af prósentu viðeigandi iðgjalds (sjá a-lið, 3. mgr. tölul. 2.2). Hagnaðarhlutar eru millifærðir á móti iðgjöldunum með þeim hætti sem þau eru greidd.

## 2.3 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í matssjóðunum?

Hlutdeild í →matssjóðunum er ákveðin með orsakamiðaðri aðferð. Undir áhættulíftryggingu Plús falla engir eða aðeins smávægilegir →matssjóðir þar sem engar eða aðeins

óverulegar fjárhæðir eru fyrir hendi til fjárfestinga sem gætu myndað matssjóði.

### 3. Reglur um samning samkvæmt gjaldskrá fyrir reyklusa

Í þessum hluta er fjallað um:

- 3.1 Hver telst vera reyklusa?
- 3.2 Hvaða sérákvæði gilda um tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?
- 3.3 Hvað gildir þegar áhætta eykst eftir samningsgerðina?
- 3.4 Hvaða réttaráhrif gilda þegar áhætta eykst eða brotið er gegn tilkynningaskyldu?
- 3.5 Hvaða rétt höfum við til sannprófunar?

#### 3.1 Hver telst vera reyklusa?

Sá sem er reyklusa

- hefur ekki reykt síðustu 12 mánuðina fyrir umsóknina og
- hefur jafnframt í hyggju að halda áfram að vera reyklusa.

Undir reykingar fellur annars vegar neysla tóbaks sem kveikt er í, til dæmis sígarettur, smávindlar, vindlar og pípur. Og hins vegar notkun á rafknúnum eimtækjum, svo sem rafsígarettum, rafvindlum og rafpípum, en einnig vatnspípum (t.d. Shisha).

#### 3.2 Hvaða sérákvæði gilda um tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?

Áður en þú afhendir samningsyfirlýsingu þína er þér skylt að segja okkur frá því hvort þú reykir, sannleikanum samkvæmt og undandrátarlaust. Eigi að tryggja líf annars einstaklings er hann líka – auk þín – ábyrgur fyrir að veita okkur sannar upplýsingar.

#### 3.3 Hvað gildir þegar áhætta eykst eftir samningsgerðina?

Aukin áhætta liggur fyrir þegar →hinn tryggði byrjar að reykja eftir gerð samningsins. Við veitum trygginguna með því að treysta á að þú takir eða leyfir enga aukna áhættu eftir samningsgerðina án okkar samþykkis. Eigi að tryggja líf annars einstaklings er hann líka – auk þín – ábyrgur fyrir að taka enga aukna áhættu eftir samningsgerðina.

Ef →hinn tryggði tekur samt sem áður aukna áhættu eftir gerð samningsins ber þér og hinum tryggða skylda til að tilkynna okkur skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi eða tölvupósti) um aukna áhættuna án tafar.

#### 3.4 Hvaða réttaráhrif gilda þegar áhætta eykst eða brotið er gegn tilkynningaskyldu?

##### (1) Breytt iðgjald við aukna áhættu

Við afsöllum okkur þeim lagalega rétti sem við höfum til að segja upp samningi vegna aukinnar áhættu eða til að útiloka aukna áhættuna frá tryggingunni.

Ef →hinn tryggði tekur aukna áhættu samkvæmt tölu 3.3 getum við hækkað iðgjaldið afturvirktt frá þeim tíma þegar áhættan jókst í samræmi við meginreglur fyrirtækisins. Iðgjaldshækkun er þó útilokuð ef þú getur sannað fyrir okkur að aukna áhættan var ekki af þínum völdum. Ef í ljós kemur síðar meir að þú eða einn →hinna tryggðu einstaklinga hafi tekið aukna áhættu samkvæmt tölu 3.3, án þess að tilkynna okkur um það getum við einnig framkvæmt áður nefnda iðgjaldshækkun þótt aukna áhættan hafi ekki verið af þínum völdum.

Réttur okkar til að breyta iðgjaldi fellur niður ef við höfum ekki nýtt hann innan eins mánaðar frá þeim tímapunkti sem við fáum vitneskju um aukna áhættu.

Hækkun iðgjalds hefur engin áhrif á upphæð tryggðrar bótagreiðslu. Ef við hækkum iðgjaldið um meira en 10 prósent getur þú sagt samningnum upp fyrirvaralaust innan

eins mánaðar frá því að þú móttækur tilkynningu frá okkur um hækkunina.

##### (2) Lækkun bótagreiðslna við tryggingartilvik

Ef fyrir liggur að

- okkur hafi vísitandi verið gefnar rangar upplýsingar um reykingar →hins tryggða í umsókninni eða
- aukin áhætta skv. tölu 3.3 var tekin af ásetningi eftir samningsgerðina skerðast tryggðar bótagreiðslur við andlát hins tryggða

um einn þriðja af tryggða höfuðstólnum sem samið var um fyrir slíkt tilvik. Þessi skerðing á bótaskyldu okkar gildir ekki ef aukna áhættan eða röngu upplýsingarnar um reykingar →hins tryggða við samningsgerðina eru ekki orsök tryggingartilviksins.

Þegar um aukna áhættu er að ræða skerðum við ekki bæturnar ef meira en 10 ár eru liðin frá því að aukna áhættan var tekin og fram að tryggingartilvikinu.

Þegar rangar upplýsingar eru gefnar fyrir samningsgerð áskiljum við okkur rétt til vefengingar vegna sviksamlegrar blekkingar.

##### 3.5 Hvaða rétt höfum við til sannprófunar?

Við höfum rétt til að sannreyna reykleysi →hins tryggða eða allra hinna tryggðu ef um →félagatryggingu er að ræða. Við getum krafist upplýsinga um málið og árlegrar læknisskoðunar hjá →hinum tryggða eða öllum tryggðum í →félagatryggingum, á okkar kostnað, hjá læknum sem starfa í okkar umboði. Ef →hinn tryggði uppfyllir ekki kröfur okkar hækkum við iðgjaldið samkvæmt 1. mgr. tölu 3.4.

## 4. Bótapegi og millifærsla greiðslna

Í þessum hluta er fjallað um:

- 4.1 Hver fær greiðslurnar og hvernig getur þú haft áhrif á það?
- 4.2 Hvað gildir um millifærslu greiðslna?

#### 4.1 Hver fær greiðslurnar og hvernig getur þú haft áhrif á það?

##### (1) Viðtakandi greiðslna og afturkallanlegur viðtökuréttur

Bætur samkvæmt samningi þínum innum við af hendi til þín sem →tryggingaþega okkar eða til erfingja þinna ef þú hefur ekki tilgreint neinn annan sem á að eignast kröfur samkvæmt samningnum á gjalddaga (bótapegi). Viðtökurétti bótapega má breyta eða afturkalla hvenær sem er fyrir hvern gjalddaga (afturkallanlegur viðtökuréttur). Eftir andlát →hins tryggða er ekki lengur hægt að breyta viðtökurétti eða afturkalla hann.

##### (2) Óafturkallanlegur viðtökuréttur

Þú getur kveðið skýrt á um að bótapegi eigi að eignast kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum, strax og órifanlega. Þegar við höfum fengið yfirlýsingu þína í hendur er aðeins hægt að nema þennan rétt bótapega úr gildi með samþykki bótapega.

##### (3) Afsal og veðsetning kröfurettinda

Þú getur líka afsalað þér réttindum þínum eða veðsett réttindi þín samkvæmt samningnum ef slík ráðstöfun er heimil lögum samkvæmt.

##### (4) Skrifleg gögn

Veiting og afturköllun viðtökuréttar (1. og 2. mgr.) sem og afsal eða veðsetning krafna samkvæmt samningnum (3. mgr.) öðlast þá og því aðeins gildi gagnvart okkur þegar sá sem hafði þennan rétt hingað til hefur tilkynnt okkur um breytinguna skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi eða tölvupósti). Réttahafi hingað til ert yfirleitt þú. En það geta líka

verið aðrir ef þú hefur þegar gert viðeigandi bindandi ráðstafanir.

#### 4.2 Hvað gildir um millifærslu greiðslna?

Við millifærum bæturnar til þess sem veita má þeim viðtöku, á hans kostnað. Við yfirfærslur til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins ber sá sem veita má greiðslunum viðtöku áhættuna sem því tengist.

### 5. Útilokanir frá bótum og takmarkanir bóta

Í þessum hluta er fjallað um:

#### 5.1 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna eða geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna?

#### 5.2 Hvaða reglur gilda um sjálfsvíg hins tryggða?

#### 5.1 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna eða geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna?

##### (1) Grundvallarregla

Meginreglan er að við greiðum bætur óháð því hvað veldur tryggingartilvikinu. Við greiðum bætur alveg sérstaklega ef →hinn tryggði lætur lífið við her- eða lögreglustörf eða í innanlandsátökum.

##### (2) Skert bótaskylda

Bótaskylda okkar fellur niður í eftirfarandi tilvikum:

a) andlátíð er í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök.

Við greiðum þó óskertar bætur ef →hinn tryggði andast meðan á dvöl hans eða hennar stendur utan Þýskalands í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök sem hann eða hún tók ekki virkan þátt í.

b) andlátíð er í beinum eða óbeinum tengslum við

- vísitandi beitingu kjarna-, líffræðilegra- eða kemískra vopna (ABC-vopna) eða
- vísitandi beitingu eða vísitandi losun geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna, ef beiting eða losun miðaði að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um er að ræða atburð, takmarkaðan í tíma og rúmi, þar sem innan við 1.000 manns farast þegar í stað eða munu fyrirsjáanlega deyja eða hljóta varanlegan alvarlegan heilsuþrest innan fimm ára vegna atburðarins. Við munum innan sex mánaða frá atvikinu fela óháðum matsmanni að kanna, og ef við á staðfesta, forsendur fyrir óskertri greiðsluskyldu.

Kröfur um óskertar tryggingagreiðslur gjaldfalla ekki fyrir en að þeim fresti liðnum.

#### 5.2 Hvaða reglur gilda um sjálfsvíg hins tryggða?

Við sjálfsvíg af ásettu ráði greiðum við óskertar bætur ef þrjú ár eru liðin frá gerð samningsins.

Við sjálfsvíg af ásettu ráði áður en þriggja ára fresturinn er liðinn helst tryggingarverndin aðeins ef sannað er fyrir okkur að vígið

- hafi verið framið í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa viljaákvörðun eða
- undir þrýstingi þungbærra, líkamlegra þjáninga.

### 6. Samstarfsskyldur þínar

Í þessum hluta er fjallað um:

#### 6.1 Hvaða gögn ber að leggja inn við andlát hins tryggða?

#### 6.2 Hvaða gögn ber að leggja inn við bótagreiðslu vegna alvarlegra veikinda?

### 6.3 Á hvaða forsendum getum við krafist frekari sannana?

#### 6.1 Hvaða gögn ber að leggja inn við andlát hins tryggða?

Tilkynna ber okkur tafarlaust andlát →hins tryggða.

Eftirtalin gögn ber alltaf að afhenda okkur:

- tryggingarskírteini,
- opinbert vottorð um fæðingardag →hins tryggða (fæðingarvottorð),
- opinbera staðfestingu á andláti →hins tryggða þar sem fram koma aldur og fæðingarstaður (dánarvottorð),
- ítarlegt læknisvottorð eða opinbert vottorð um dánarorsök sem og upphaf og sögu þeirra veikinda sem leiddu til dauða →hins tryggða og
- gögn með þeim upplýsingum sem tilgreindar eru í B-hluta, tölul. 3.

#### 6.2 Hvaða gögn ber að leggja inn við bótagreiðslu vegna alvarlegra veikinda?

Ef farið er fram á greiðslu vegna alvarlegra veikinda samkvæmt tölulíð 1.2 verður sá sem leggur fram kröfuna tafarlaust að skila til okkar eftirfarandi gögnum á eigin kostnað:

- tryggingarskírteini,
- vottorði frá sérfræðilækni viðkomandi sérfræðideildar, sem starfar í Þýskalandi, um að →hinn tryggði sé haldinn alvarlegum sjúkdómi samkvæmt lýsingu í 1. mgr. tölul. 1.2. Nauðsynlegt er að veita upplýsingar um orsakir, upphaf, tegund og þróun sjúkdómsins ásamt niðurstöðum greiningar á lífslíkum.

### 6.3 Á hvaða forsendum getum við krafist frekari sannana?

Við getum krafist frekari sannana og gert ítarlegri rannsóknir, til dæmis varðandi reykingavenjur eða greiningu á lífslíkum, til að sannreyna bótaskyldu okkar. Kostnaðinn sem af þessu hlýst ber sá sem krefst tryggingagreiðslunnar.

## 7. Samningsgerðar- og sölukostnaður

Um kostnað samningsins gilda eftirfarandi reglur. Ef sérákvæði gilda um einstaka þætti er þau að finna í reglum viðkomandi þáttar.

Í þessum hluta er fjallað um:

#### 7.1 Hvaða kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið?

#### 7.2 Fyrir hvaða kostnað getum við krafði þig um greiðslu sérstaklega?

#### 7.1 Hvaða kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið?

##### (1) Samningsgerðar- og sölukostnaður

Samningnum fylgir samningsgerðar- og sölukostnaður (→kostnaður). Þér ber að greiða hann. Við reiknuðum samningsgerðar- og sölukostnaðinn (→kostnaður) inn í iðgjaldið og því þarf ekki að greiða hann sérstaklega.

Við notum samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) til dæmis til að greiða þóknun tryggingamiðlara, kostnað við mat á umsókninni og við gerð samningsgagna.

##### a) Kostnaður og umsamin iðgjöld við samningsgerð

Við reiknum samningsgerðar- og sölukostnað samningsins (→kostnaður) sem prósentuhlut samtölu þeirra iðgjalda sem samið var um við samningsgerð.

Samningsgerðar- og sölukostnaði (→kostnaður) dreifum við

- með jöfnum upphæðum árlega,
- í að minnsta kosti fimm ár,
- en þó ekki lengur en til loka iðgjaldatímans.

**b) Kostnaður þegar upphæð umsaminna iðgjalda hækkar**

Þegar upphæð umsaminna iðgjalda hækkar reiknum við mismuninn á gömlu og nýju iðgjaldsupphæðinni af samningsgerðar- og sölukostnaði (→kostnaður) sem hér segir:

- Ef bætur hækka á samningstímanum vegna iðgjaldagreiðslna, t.d. ef tryggður höfuðstóll við andlát hækkar (sjá tölul. 10.4) eða
- ef hækkunin verður smám saman dreifum við samningsgerðar- og sölukostnaði (→kostnaður) sem prósentuhlut mismunarins á gömlu og nýju iðgjaldssamtölnunni, frá því er hækkunin varð, eins og lýst er í 2. setn., mgr. a.
- Ef tryggingarverndin er framlengd (sjá tölul. 10.1) dreifum við samningsgerðar- og sölukostnaði (→kostnaður) sem prósentuhlut mismunarins á gömlu og nýju iðgjaldssamtölnunni, frá því að framlengingin tók gildi, eins og lýst er í 2. setn., mgr. a.

**(2) Annar kostnaður**

Samningnum fylgja frekari kostnaðarliðir, svonefndur annar kostnaður (→kostnaður). Þér ber einnig að greiða þennan →kostnað. Til annars kostnaðar telst einkum umsýslukostnaður. Umsýslukostnaður (→kostnaður) er kostnaðurinn vegna stöðugar umsýslu samningsins. Allur annar kostnaður (→kostnaður) er reiknaður inn í iðgjaldið og hann þarf því ekki að greiða sérstaklega.

Við leggjum annan kostnað á samninginn (→kostnaður) sem:

- upphæð í evrum sem fellur til árlega,
- prósentuhluta af tryggðum höfuðstóll við andlát og
- prósentuhluta af umsömdum iðgjöldum.

Þetta gildir á sama hátt ef bætur hækka á samningstímanum vegna iðgjaldagreiðslna, t.d. ef tryggður höfuðstóll við andlát hækkar (sjá tölul. 10.4).

**(3) Upphæð kostnaðar**

Upplýsingar um upphæð samningsgerðar- og sölukostnaðar og annars kostnaðar (→kostnaður) má lesa í tryggingagögnunum.

**7.2 Fyrir hvaða kostnað getum við krafði þig um greiðslu sérstaklega?****(1) Kostnaður vegna viðbótarumsýslu í sérstökum tilvikum sem kveðið er á um í lögum**

Ef umsýslukostnaður eykst af einhverjum sérstökum ástæðum af þínum völdum getum við, í eftirfarandi tilvikum, innheimt meðaltal →kostnaðarins sérstaklega sem fast gjald.

- Útgáfa varaskjals fyrir tryggingarskírteinið eða afrit af tryggingarskírteininu
- Greiðslufrestur þegar framhaldsiðgjöld eru ekki greidd
- Úrvinnsla eftirstandandi greiðslu
- Úrvinnsla endursendingar skuldfærslubeiðni
- Frágangur samningsbreytinga
- Vinna við afsöl og veðsetningar
- Óflun yfirlýsinga einstaklinga um lausn frá þagnarskyldu
- Iðgjaldssendingar frá þér frá stað utan SEPA-greiðsluvæðisins eða greiðslusendingar frá okkur til staðar utan SEPA-greiðsluvæðisins.

**(2) Birting kostnaðar á kostnaðaryfirliti**

Upphæð →kostnaðar, sem við getum krafist greiðslu fyrir, í tilvikunum sem tilgreind eru í 1. mgr. má sjá á meðfylgjandi kostnaðaryfirliti fyrir viðbótarumsýslu. Við getum breytt →kostnaðinum í framtíðinni að loknu sanngjörnu mati (315. gr. Borgaralegrar lögbókar). Við munum senda þér nügildandi kostnaðaryfirlit hvenær sem er ef þú óskar eftir því. Ef enginn → kostnaður fyrir tilvik sem nefnt er í 1. mgr. er tilgreindur á nügildandi kostnaðaryfirliti innheimtum við engan kostnað fyrir það sem stendur.

**(3) Möguleiki á að leggja fram sönnun fyrir lægri kostnaði**

Við teljum →kostnaðinn fyrir viðbótarumsýslu vera sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur sönnun á að í þínu tilfalli eigi →kostnaður alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur kostnaðurinn niður eða við lækkuðum hann í síðara tilvikinu, eftir því sem við á.

**8. Undanþága frá greiðslu iðgjalds**

Í þessum hluta er fjallað um:

- 8.1 Hvernig er hægt að gera trygginguna iðgjaldafríá?**
- 8.2 Hverjir geta ókostir undanþágu frá greiðslu iðgjalds verið?**
- 8.3 Hvernig má koma fyrri tryggingavernd á að nýju eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds?**

**8.1 Hvernig er hægt að gera trygginguna iðgjaldafríá?****(1) Forsendur**

Hægt er að fara skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) fram á að tryggingin haldi áfram án þess að greidd verði iðgjöld (undanþága frá greiðslu iðgjalds). Hægt er að koma á undanþágu frá greiðslu iðgjalds í lok hvers tryggingartímabils (sjá B-hluta, tölul. 2.1).

**(2) Lágmarkstryggingabætur**

Við höldum tryggingunni áfram með iðgjaldsfríum tryggðum höfuðstól sem reiknast samkvæmt 3. mgr. ef hann nemur að minnsta kosti 2.000 evrum þegar undanþágu frá greiðslu iðgjalds er komið á. Nái hann ekki þessari upphæð fellur tryggingin niður.

**(3) Áhrif**

Ef óskað er eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds reiknum við iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól við andlát samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar þar sem lagðar eru til grundvallar iðgjaldareikniforsendur. Þá leggjum við til grundvallar útreiknaðan →bótahöfuðstól áhættulíftryggingar Plús á þeim tíma þegar undanþágu frá greiðslu iðgjalds er komið á. Bótahöfuðstóllinn hefur að minnsta kosti það verðgildi sem kemur fram við jafna dreifingu samningsgerðar- og sölukostnaðar (→kostnaður), sem ákveðinn er með tilliti til eftirlitsréttarlegra hámarks-Zillmerstiga, á fyrstu fimm tryggingarárin, í mesta lagi þó á iðgjaldsgreiðslutímann. Af upphæðinni sem til ráðstöfunar er úr tryggingunni til að mynda iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól við andlát reiknum við frádrátt.

Í tryggingarupplýsingunum sérðu hvaða frádráttur gildir fyrir tryggingu þína á hverju ári tryggingartímans. Þar tilgreinum við einnig ástæður frádráttarins.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur sönnun á að í þínu tilfalli eigi frádráttur alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádráttur niður eða við lækkuðum hann í síðara tilvikinu, eftir því sem við á.

Útreikningur iðgjaldsfrírar greiðslu fer fram við lok tryggingartímabilsins sem þú greiddir síðast fullt iðgjald fyrir.

Tölulíður 7 gildir áfram eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds en enginn →kostnaður samkvæmt prósentuhluta iðgjalds verður dreginn frá.

**8.2 Hverjir geta ókostir undanþágu frá greiðslu iðgjalds verið?**

Það getur haft ókosti í för með sér að gera trygginguna iðgjaldsfríá. Í byrjun tryggingartímans eru engir fjármunir fyrir hendi til að mynda iðgjaldsfríar bætur vegna þess að iðgjöldunum er ráðstafað til að greiða samningsgerðar- og sölukostnað og annan kostnað (→kostnaður) samkvæmt tölulíði 7.1, og eins til að fjármagna umsamda áhættuvernd. Árin þar á eftir er heldur ekki víst að nokkrar eða aðeins óverulegar fjárhæðir séu fyrir hendi sem dugi til að mynda

iðgjaldsfríar bætur. Nánar má lesa um upphæð iðgjaldsfrírra greiðslna á samningstímanum í tryggingarupplýsingunum.

### 8.3 Hvernig má koma fyrri tryggingavernd á að nýju eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds?

#### (1) Sex mánaða frestur til að koma tryggingavernd á að nýju án áhættumats

Innan 6 mánaða frá því að tryggingin varð iðgjaldsfrí má fara fram á að tryggðar greiðslur verði hækkaðar upp í þá tryggingavernd sem gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí, án áhættumats. Forsenda þess er að greiðsla iðgjalds hefjist að nýju samkvæmt 3. mgr.

Endurupptaka iðgjaldsgreiðslu og endurheimt tryggingaverndar er útilokuð ef samið var um þáttinn „Lífeyrir vegna óvinnufærni“ og →hinn tryggði er óvinnufær þegar iðgjaldsgreiðslur hefjast að nýju.

#### (2) Almennur frestur til að koma tryggingarvernd á að nýju með áhættumati

Einnig má, þegar 6 mánuðir eru liðnir, en þó aðeins innan 3ja ára frá því að tryggingin var gerð iðgjaldsfrí, fara fram á að með endurupptöku iðgjaldsgreiðslu samkvæmt 3. mgr. verði umsamin tryggður höfuðstóll við andlát hækkaður upp í þá tryggingavernd sem gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Við getum komið fyrri tryggingarvernd á að nýju ef →hinn tryggði eða allir hinir tryggðu ef um er að ræða →félagatryggingu, þegar tryggingarverndin er endurheimt, gæti samið við okkur um nýja sambærilega tryggingu án örðugri skilmála.

#### (3) Möguleikar við endurheimt tryggingaverndar

Til þess að koma á að nýju þeirri tryggingavernd sem gildi áður en undanþága frá greiðslu iðgjalds gekk í gildi má

- greiða iðgjöldin fyrir tímabilið sem var iðgjaldsfrítt, eða
- greiða hærrí reglubundin iðgjöld.

Þess í stað má einnig koma tryggingarverndinni á að nýju án þess að koma allri tryggingarverndinni á að nýju eins og hún var fyrir undanþágu frá greiðslu iðgjalds ef aðeins iðgjaldsgreiðslan hefst á ný. Tryggðan höfuðstól reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar.

Við reiknum nýju iðgjöldin og nýju tryggðu greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 1. mgr. 1.3. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

## 9. Uppsögn

### Hvenær má segja tryggingunni upp?

Hægt er að segja upp tryggingunni skriflega (t.d. í bréfi, símbréfi eða tölvupósti) við lok yfirstandandi mánaðar.

Við uppsögn átt þú hvorki tilkall til endurkaupsvirðis né endurgreiðslu iðgjalda.

## 10. Möguleikar við samningsgerð

Hér er að finna fjölmarga samningsgerðarmöguleika tryggingarinnar. Þeir eru bundnir vissum skilyrðum. Ef tiltekinn samningsgerðarmöguleiki er valinn getur það haft áhrif á fjárhæð tryggingargreiðslna.

Í þessum hluta er fjallað um:

- 10.1 Hvenær má framlengja trygginguna án nýs áhættumats?
- 10.2 Hvenær má breyta tryggingunni í þátt fyrir elli- og eftirlífendalífeyri?
- 10.3 Hvenær má breyta tryggingunni í félagatryggingu með einfölduðu áhættumati?

- 10.4 Hvenær má hækka tryggðan höfuðstól við andlát án áhættumats?
- 10.5 Hvenær má fresta greiðslu iðgjalds í atvinnuleysi eða í foreldraorlofi?
- 10.6 Hvenær má breyta yfir í gjaldskrá fyrir reyklausei?

#### 10.1 Hvenær má framlengja trygginguna án nýs áhættumats?

Hægt er að framlengja trygginguna einu sinni án nýs áhættumats þar til þrjú ár eru eftir af tryggingartímanum.

##### (1) Forsenda

Tryggingin má ekki vera iðgjaldsfrí.

##### (2) Frekari forsendur

- Hægt er að framlengja tryggingartímann um 15 ár að hámarki, en þó ekki lengur en sem nemur upphaflega tryggingartímanum sem samið var um.
- Hámarkstryggingartími (með framlengingunni) má ekki fara yfir 45 ár.
- Lok framlengingartímans verða að vera, í síðasta lagi, innan almanaksársins þegar →hinn tryggði nær 70 ára aldri. Í →félagatryggingum gildir aldur →hins tryggða, sem er elstur, sem leyfilegur hámarksaldur.

##### (3) Takmarkanir

Eftirfarandi takmarkanir gilda frá næsta iðgjaldsgreiðslutímabili eftir framlenginguna:

- Ekki má fara yfir tryggða höfuðstóllinn sem samið var um fyrir framlenginguna.
- Samtala allra umsaminna tryggðra höfuðstóla líftryggingarsamninga hjá Allianz Lebensversicherungs-AG sem í gildi eru fyrir →hinn tryggða, og eru á framlengingartíma, má að hámarki vera 500.000 evrur. Ef þörf krefur verður höfuðstóll tryggingar sem samið var um fyrir framlenginguna lækkaður á framlengingartímanum.

##### (4) Áhrif

Ef samið var um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ verður tryggingarvernd hans einnig framlengd.

Ef samið var um þátt sem felur í sér undanþágu frá greiðslu iðgjalds vegna óvinnufærni verður tryggingarvernd hans aðeins framlengd ef engin krafa um bótagreiðslur úr þættinum liggur fyrir þegar sótt er um framlenginguna. Hámarksframlengingartími þessa tryggingarþátts er þar til →hinn tryggði nær 67 ára →reiknuðum aldri. Ef krafa um bótagreiðslur úr þættinum sem felur í sér undanþágu frá greiðslu iðgjalds vegna óvinnufærni liggur fyrir þegar sótt er um framlenginguna verður tryggingarvernd þessa þátts ekki framlengd.

Ef samið var um þáttinn „Lífeyrir vegna óvinnufærni“ verður tryggingarvernd þessa þátts ekki framlengd.

Ef sótt hefur verið um framlengingu tryggingar verða iðgjöldin fyrir eftirstandandi iðgjaldsgreiðslutíma (að meðtöldum framlengingartíma) og fram að næsta iðgjaldsgreiðslutímabili endurreiknuð og gætu hækkað. Við útreikninginn verða höfð til hliðsjónar samningsgögn á þeim tíma sem sótt var um framlengingu tryggingarinnar, einkum:

- →reiknaður aldur →hins tryggða eða allra hinna tryggðu í →félagatryggingum,
- eftirstandandi tryggingartími (að meðtöldum framlengingartíma),
- eftirstandandi iðgjaldsgreiðslutími (að meðtöldum framlengingartíma),
- mögulega umsamið iðgjaldsálag og
- lækkaður umsamin tryggður höfuðstóll, ef við á.

Við reiknum nýja iðgjaldið samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

#### 10.2 Hvenær má breyta tryggingunni í þátt fyrir elli- og eftirlífendalífeyri?

Hægt er að breyta áhættulíftryggingu Plús í samsetta tryggingu úr þáttunum „Elliðlífeyrir“ (framtiðarlífeyrir eða framtiðarhöfuðstóll) og „Eftirlífendalífeyrir“ (höfuðstóll við andlát). Við framkvæmum ekki áhættumat.

Hægt er að velja nýjan tryggingar- og iðgjaldsgreiðslutíma fyrir nýju þættina.

#### (1) Forsendur

- Þú hefur gert samning um stöðugan tryggðan höfuðstóll við andlát á tryggingartíma áhættulíftryggingar Plús.
- →Hinn tryggði eða allir hinir tryggðu ef um er að ræða →félagatryggingu hafa ekki lokið 60. aldursári þegar sótt er um breytinguna.
- Sækja þarf um breytinguna í síðasta lagi við lok 10. tryggingarársins. Ef samið hefur verið um tryggingartíma að hámarki í 10 ár er hægt að breyta tryggingunni í allt að 3 mánuði fyrir lok tryggingartímans.
- Á meðan heildartryggingartími nýju tryggingarinnar stendur yfir fer tryggði höfuðstóllinn úr nýja þættinum „Höfuðstóll við andlát“ ekki yfir tryggða höfuðstóllinn við andlát sem upphaflega var samið um.

#### (2) Sérstök atriði í þáttunum „Lífeyrir vegna óvinnufærni“

- Aðeins er hægt að halda áfram með þáttinn „Lífeyrir vegna óvinnufærni“ án nýs áhættumats í breyttu tryggingunni ef tryggingar- og iðgjaldsgreiðslutíminn helst óbreyttur eftir breytinguna.
- →Hinn tryggði má ekki vera óvinnufær þegar breytingin tekur gildi. Ef →hinn tryggði er óvinnufær á þeim tíma tekur breytingin ekki gildi.
- Ef tryggingar- og iðgjaldsgreiðslutímabilin breytast eftir breytinguna er aðeins hægt að halda áfram í þættinum „Lífeyrir vegna óvinnufærni“ ef niðurstaða nýs áhættumats heimilar slíkt.

#### (3) Sérstök atriði í félagatryggingum

Mögulegt er að breyta einni tryggingu fyrir tvo aðila (→félagatryggingar) án nýs áhættumats í samsetta líftryggingu úr tveimur þáttum fyrir →hinn tryggða hverju sinni. Forsenda þess er að samtala nýja tryggða höfuðstólsins við andlát sé ekki hærrí en upphaflega tryggði höfuðstóllinn við andlát.

Ekki er hægt að breyta tryggingum sem gilda fyrir fleiri en tvo aðila.

#### (4) Áhrif

Við reiknum iðgjöldin fyrir nýju tryggingarnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Um þann útreikning gilda reikniforsendurnar sem gert er ráð fyrir á þeim tíma sem breytingin yfir í nýja samsetta þætti elliðlífeyrir (framtiðarlífeyrir eða framtiðarhöfuðstóll) og eftirlífendalífeyris (höfuðstóll við andlát) er gerð. Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

#### 10.3 Hvenær má breyta tryggingunni í félagatryggingu með einfölduðu áhættumati?

Hægt er að fara fram á að við breytum áhættulíftryggingu Plús með einfölduðu áhættumati í tryggingu fyrir tvo aðila (→félagatryggingu) og bætum öðrum →tryggðum aðila við í samningnum.

#### (1) Forsendur

- →Hinn tryggði gengur í hjónaband eða hefur skráða sambúð með hinum tryggða aðilanum sem á að bæta við í samningnum eða
- →hinn tryggði eignast barn eða ættleiðir ófullveðja einstakling með hinum tryggða aðilanum sem á að bæta við í samningnum.

#### (2) Frekari forsendur

- →Hinn tryggði sem á að bæta við í samningnum er ekki kominn yfir 45 ára →reiknaðan aldur.

- Fara verður fram á breytinguna innan 6 mánaða frá einhverjum þeirra atburða sem tilgreindir eru í 1. málsgrein.

#### (3) Takmarkanir

Umsaminn tryggður höfuðstóll má ekki vera hærri en 200.000 evrur frá þeim tímapunkti sem tryggingunni er breytt í →félagatryggingu. Ef tryggður höfuðstóll sem samið var um fyrir breytinguna er hærri en 200.000 evrur lækjum við hann í 200.000 evrur.

#### (4) Áhrif

Við reiknum nýja iðgjaldið samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.3. Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

#### 10.4 Hvenær má hækka tryggðan höfuðstól við andlát án áhættumats?

Þú getur hækkað umsaminn tryggðan höfuðstól við andlát án nýs áhættumats.

#### (1) Forsendur

- Fæðing barns →hins tryggða eða hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling;
- →Hinn tryggði hefur sjálfstæðan atvinnurekstur, ef sjálfstæði atvinnureksturinn krefst aðildar að fagfélagi eða ráði;
- →Hinn tryggði lýkur starfsmenntun eða byrjar þátttöku í atvinnulífínu;
- →Hinn tryggði tekur lán til kaupa á fasteign að upphæð að minnsta kosti 100.000 evrur;
- →Hinn tryggði gengur í hjónaband eða hefur skráða sambúð.

#### (2) Frekari forsendur

- Innan 6 mánaða frá einhverjum ofangreindum atburði þarf að fara fram á hækkinguna.
- →Hinn tryggði, eða allir hinir tryggðu ef um er að ræða →félagatryggingu, er ekki kominn yfir 53 ára →reiknaðan aldur.
- →Hinn tryggði er ekki óvinnufær eða í →félagatryggingum eru allir hinir tryggðu ekki óvinnufærir.

Ef þessi skilyrði eru ekki uppfyllt tekur hækkingin ekki gildi.

#### (3) Takmarkanir

Um hækkingu tryggðs höfuðstóls án nýs áhættumats gilda eftirfarandi takmarkanir:

- Tryggður höfuðstóll verður að hækka um að minnsta kosti 2.500 evrur.
- Tryggður höfuðstóll má í mesta lagi hækka um 25.000 evrur.
- Samtala margra hækkinga á tryggðum höfuðstól við andlát úr öllum gildum líftryggingarsamningum hjá Allianz Lebensversicherungs-AG varðandi sama →tryggða einstakling má í hæsta lagi nema 50.000 evrum.

#### (4) Áhrif

- Hækkun tryggðs höfuðstóls við andlát og iðgjaldsins reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.3.
- Ef samið var um þættina „Lífeyrir vegna óvinnufærni“ eða „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ hækka þeir ekki.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

#### 10.5 Hvenær má fresta greiðslu iðgjalds í atvinnuleysi eða í foreldraorlofi?

#### (1) Tímabundin undanþága frá greiðslu iðgjalds

Hægt er að gera trygginguna iðgjaldafríá tímabundið vegna atvinnuleysis eða í foreldraorlofi samkvæmt reglum í tölul.



8.1 og 8.2 í allt að 12 mánuði. Tilgreina skal ástæðu beiðinnar og tímenn sem óskað er eftir að fá undanþágu frá greiðslu iðgjalds. Þegar undanþágutímenn er liðinn, þegar atvinnuleysi eða foreldraorlofi lýkur heldur tryggingin áfram án áhættumats samkvæmt samningnum. Reglurnar í 1. og 3. mgr., tölul. 8.3 gilda þegar upphaflegri tryggingarvernd er komið aftur á. Burtséð frá 1. mgr. tölul. 8.3 getur hækkun tryggðra greiðslna í þessari tryggingu mest náð upphæð tryggingaverndarinnar sem gildi fyrir undanþáguna, innan 12 mánaða eftir að undanþága frá greiðslu iðgjalds var veitt.

**(2) Sönnun fyrir atvinnuleysi eða foreldraorlofi**

Ef farið er fram á tímabundna undanþágu frá greiðslu iðgjalds vegna atvinnuleysis eða foreldraorlofs þarf að sanna það með viðkomandi vottorði, til dæmis með tilkynningu frá viðkomandi vinnumálastofnun. Þér ber að tilkynna okkur tafarlaust um það þegar atvinnuleysi eða foreldraorlofi lýkur.

**10.6 Hvenær má breyta yfir í gjaldskrá fyrir reyklausa?**

Ef ekki var samið um gjaldskrá fyrir reyklausa og

- þú hefur ekki reykt síðustu 12 mánuðina fyrir umsóknina um breytinguna yfir í gjaldskrá fyrir reyklausa, í skilningi 2. og 3. setn., tölul. 3.1 og
- hefur jafnframt í hyggju að halda áfram að vera reyklus, getur þú sótt um að breyta tryggingunni yfir í gjaldskrá fyrir reyklausa.

Umsaminn tryggður höfuðstóll helst óbreyttur. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 3. tölulíð. Við framkvæmum áhættumat við þetta tilefni.

Við reiknum iðgjöldin fyrir nýju trygginguna samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Til þess notum við reikniforsendurnar sem lagðar voru til grundvallar við gerð samningsins um áhættulíftryggingu Plús. Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

**Þátturinn „Eftirlifendalífeyrir“ - Höfuðstóll við andlát af slysförum E3**

Hér er að finna reglur er varða þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“. Hér er einnig að finna ítarlegri reglur um hlutdeild í hagnaði og reglur um tengsl einstakra þátta innbyrðis.

Reglur um grunnþáttinn sem og reglur B- og C-hluta tryggingarskilmálaanna gilda einnig um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“, ef annað er ekki tekið fram hér á eftir.

**1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta**

Í þessum hluta er fjallað um:

- 1.1 Hvaða tryggingagreiðslur innum við af hendi?
- 1.2 Hvað flokkast undir slyss samkvæmt þessum skilmálum?
- 1.3 Hvaða reikniforsendur gilda um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?

**1.1 Hvaða tryggingagreiðslur innum við af hendi?**

Ef hinn tryggði andast af afleiðingum slyss greiðum við þann tryggða höfuðstóll sem um var samið fyrir slíkt tilvik.

Forsendur fyrir því eru:

- Slysið átti sér stað eftir gildistöku þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ og
- andlátið ber að höndum á tryggingartíma þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ og innan eins árs frá því að slysið varð.

**1.2 Hvað flokkast undir slyss samkvæmt þessum skilmálum?**

Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama hins tryggða og gerist án vilja hans.

**1.3 Hvaða reikniforsendur gilda um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?**

**(1) Reikniforsendur við gerð samnings um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“**

Við gerð samningsins um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ notum við eftirfarandi reikniforsendur við útreikning á tryggðum bótum:

- dánartíðnitöflu okkar „AZ 2012 T U“,
- reiknivextina 0,9 prósent og
- kostnað vegna þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ (sjá nánar í tölul. 3).

**(2) Reikniforsendur þegar bætur hækka og í öðrum tilvikum**

Þegar bætur hækka (til dæmis með hagnaðarhlutum) reiknum við viðbótarbæturnar alltaf með reikniforsendunum (einkum reiknivöxtum, töflum og kostnaði vegna þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“), sem lagðar voru til grundvallar við gerð samningsins um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“.

Ef aðrar reikniforsendur en þær sem lágu til grundvallar við samningsgerð eru í gildi á hækkuardeggi og snerta útreikning á bótasjóði í nýjum sambærilegum tryggingum, vegna ákvarðana eftirlitsyfirvalda og/eða opinberra yfirlýsinga Félags þýskra tryggingafræðinga (DAV), getum við sömuleiðis lagt þær til grundvallar við bótahækkunir. Ef gildandi reikniforsendur fyrir útreikning á bótasjóði breytast á ný, eftir hækkun bóta, getum við við síðari hækku bóta beitt nýju reikniforsendunum eða lagt áfram til grundvallar þær reikniforsendur sem síðast var beitt.

Við greinum þér frá því ef við beitum öðrum reikniforsendum en við gerð samningsins um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“, eða við síðustu hækku greiðslna.

Þegar bætur hækka leggjum við, við útreikning á viðbótarbótum, í hæsta lagi það prósentustig kostnaðar vegna þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ til grundvallar, sem kom fram við samningsgerð.

Að undanskildum þeim tilvikum þegar greiðslur hækka gilda þessar reglur á sama hátt, þegar skilmerkilega er vísað til þeirra í viðkomandi líðum þessara tryggingarskilmála.

**2. Ítarlegri reglur um hagnaðarhlutdeild**

Í þessum hluta er fjallað um:

- 2.1 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum með tilliti til þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?
- 2.2 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í matssjóðunum með tilliti til þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?

**2.1 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum með tilliti til þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?**

**(1) Þátttaka í tryggingum gegn eingreiðslu iðgjalds eða með misháum iðgjaldagreiðslum**

Þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ mun í upphafi tryggingarárs, og fyrst í byrjun annars tryggingarárs, öðlast hlutdeild í þeim hagnaði sem náðist, allt eftir því í hvaða hóp áunnins hagnaðar tryggingunni var skipað (árlegur hagnaðarhlutir).

Árlegur hagnaðarhlutur samanstendur af hlut í vaxtahagnaði.

Upphæð vaxtahagnaðar má lesa út úr hagnaðaryfirlýsingunni en vaxtahagnaður getur staðið á núlli.

**a) Útreikningur árlegra hagnaðarhluta**

Upphæð þeirra hagnaðarluta sem ráðstafa skal inn á samninginn er ákvörðuð samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar, en þá leggjum við til grundvallar skilgreinda prósentuhluti hagnaðarlutdeildar eins og þeir eru á hverjum tíma, og viðkomandi reiknistuðul.

Reikniforsendurnar ráðast einkum af

- aldri hins tryggða,
- umsómdum tryggingartíma,
- þeim tryggingartíma sem þegar er liðinn og
- hæð umsamins tryggðs höfuðstóls.

Þær eru fundnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar.

#### b) Ráðstöfun árlegra hagnaðarluta

Við ráðstöfum árlegum hagnaðarlutum þessa þáttar eins og reglur um grunnþáttinn gera ráð fyrir í liðnum „Greiðslur úr hagnaðarlutdeild“, undirliðnum „Hvernig er hagnaðarlutum tryggingarinnar ráðstafað?“

#### (2) Hlutdeild trygginga með reglubundnu iðgjaldi

Þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ öðlast ekki sérstaka hlutdeild í hagnaði.

#### 2.2 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í matssjóðunum með tilliti til þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?

Matssjóðunum er deilt á samningana með orsakamiðaðri aðferð. Undir þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ falla engir eða aðeins smávægilegir matssjóðir.

Iðgjaldahlutir þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ eru reiknaðir þannig að þeirra er þörf til að standa undir áhættu og kostnaði. Þar af leiðandi eru engar eða aðeins óverulegar fjárhæðir fyrir hendi til fjárfestinga sem nýta mætti til að byggja upp matssjóði.

### 3. Ítarlegri reglur um kostnað vegna samningsins

#### Hvaða ítarlegri reglur gilda um kostnað vegna þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?

##### (1) Samningsgerðar- og sölukostnaður

Við reiknum ekki samningsgerðar- og sölukostnað á þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“.

##### (2) Annar kostnaður

Þættinum „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ fylgir annar kostnaður. Þér ber einnig að greiða þennan kostnað. Til annars kostnaðar þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ telst einkum umsýslukostnaður. Umsýslukostnaður vegna þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ er kostnaðurinn vegna stöðugrar umsýslu þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“.

Allur annar kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið og hann þarf því ekki að greiða sérstaklega.

Á meðan iðgjöld eru greidd leggjum við á þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ annan kostnað sem prósentuhlut umsaminna iðgjalda vegna þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“. Þennan annan kostnað drögum við af iðgjöldunum samkvæmt þeim greiðslumáta sem þú valdir.

### 4. Takmarkanir bóta og útilokanir frá bótum

Í þessum hluta er fjallað um:

#### 4.1 Hvaða grundvallaratriði gilda um bótaskyldu okkar?

#### 4.2 Í hvaða tilvikum er bótaskylda okkar takmörkuð?

#### 4.3 Í hvaða tilvikum er bótaskylda okkar útilokuð?

#### 4.1 Hvaða grundvallaratriði gilda um bótaskyldu okkar?

Við greiðum almennt bætur óháð því hvernig slysið átti sér stað.

#### 4.2 Í hvaða tilvikum er bótaskylda okkar takmörkuð?

Ef andlátíð orsakaðist, auk slyssins, af völdum veikinda eða langvarandi heilsubreysts að 25 hundradshlutum eða meira lækkar greiðsluskylda okkar sem þeim hluta nemur.

#### 4.3 Í hvaða tilvikum er bótaskylda okkar útilokuð?

##### (1) Útilokanir frá bótum ef slys verður

Við greiðum engar bætur ef um slys er að ræða

a) sem hinn tryggði verður fyrir sökum andlegra truflana eða meðvitundartruflana, einnig ef rekja má þau til ólvunar, sem og vegna heilablóðfalla, flogakasta eða annarra krampakasta sem hafa áhrif á allan líkama hins tryggða.

Við greiðum þó óskertar bætur ef truflanir þessar eða áföll stafa af slysi samkvæmt tölulíð 1.2.

b) vegna þess að hinn tryggði fremur glæp eða afbrot af ráðnum hug eða gerir refsiverða tilraun til þess.

c) vegna óeirða innanlands, ef hinn tryggði hefur tekið þátt í þeim sem fylgjandi þeirra er stofnuðu til óeirðanna.

d) sem orsakast beint eða óbeint af stríðsátökum.

Við greiðum þó óskertar bætur ef hinn tryggði andast meðan á dvöl hans stendur utan Þýskalands í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök sem hann tók ekki virkan þátt í.

e) vegna

- starfa hins tryggða sem stjórnandi loftfars (einnig flugþróttatækis) ef hann þarf til þess leyfi samkvæmt þýskum lögum,
  - starfa sem annar í áhöfn loftfars,
  - starfs sem vinna þarf með hjálp loftfars eða
  - við notkun geimfara.
- f) sem beint eða óbeint komu til vegna kjarnorku.

g) sem beint eða óbeint komu til í tengslum við

- vísitandi beitingu kjarna-, líffræðilegra- eða kemískra vopna (ABC-vopna) eða
- vísitandi beitingu eða vísitandi losun geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna, ef beiting eða losun miðaði að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu.

Við greiðum þó óskertar bætur í tilvikum f) og g) ef um er að ræða atburð, takmarkaðan í tíma og rúmi, þar sem innan við 1.000 manns farast þegar í stað eða munu fyrirsjáanlega deyja eða hljóta varanlegan alvarlegan heilsubreyst innan fimm ára vegna atburðarins. Við munum innan sex mánaða frá atvikinu fela óháðum matsmanni að kanna, og ef við á staðfesta, forsendur fyrir óskertri greiðsluskyldu. Kröfur um óskertar tryggingagreiðslur gjaldfalla ekki fyrir en að þeim fresti liðnum.

h) sökum sjúklegra truflana sem afleiðingar sárlæna viðbragða, óháð því hvernig þau eru til komin.

##### (2) Útilokanir frá bótum í öðrum tilvikum

Við greiðum heldur ekki ef um er að ræða

a) heilsutjón sökum geislunar.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um er að ræða afleiðingar slyss samkvæmt tölulíð 1.2.

b) heilsutjón vegna lækningaráðstafana eða inngrip eða aðgerðir í öðrum tilgangi sem hinn tryggði framkvæmir eða lætur framkvæma á líkama sínum.

Við greiðum þó óskertar bætur ef til þessara inngripa eða lækningaráðstafana, þar á meðal geislagreininga eða geislalækninga, er stofnað vegna slyss samkvæmt tölulíð 1.2.

c) sýkingar

Við greiðum þó óskertar bætur ef sóttkveikjurnar komust inn í líkamann vegna slyss samkvæmt tölulíð 1.2.

Ekki teljast sem slysaáverkar

- húð- og slímhúðaráverkar sem eru smávægilegir í eðli sínu og sem komast strax eða síðar inn í líkamann af völdum sóttkveikjanna.

- sýkingar sem hljótast af lækningaráðstöfunum.

Þessar takmarkanir eiga ekki við um hundaæði og stífkrampa.

d) eitranir vegna inntöku fastra eða fljótandi efna um kokið.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um er að ræða afleiðingar slyss samkvæmt tölulíð 1.2.

e) sjálfsvíg af ráðnum hug.

Þetta gildir einnig þó svo að hinn tryggði hafi framið verknaðinn í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa viljaákvörðun.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um er að ræða afleiðingar slysatilviks sem fellur undir þennan þátt.

## 5. Sérstakar samstarfsskyldur þínar

Auk þeirra samstarfsskyldna sem taldar eru upp hér á eftir gilda einnig þær samstarfsskyldur grunnþáttarins sem gilda um alla þætti og tilgreindar eru í kaflanum „Samstarfsskyldur þínar“.

Í þessum hluta er fjallað um:

**5.1 Hvað þarf að hafa í huga þannig að lagaleg réttindi glatist ekki eftir andlát hins tryggða af slysförum?**

**5.2 Hverjar eru afleiðingar þess að brjóta gegn samstarfsskyldu?**

**5.1 Hvað þarf að hafa í huga þannig að lagaleg réttindi glatist ekki eftir andlát hins tryggða af slysförum?**

### (1) Tilkynningarskylda

Tilkynna verður okkur tafarlaust um andlát hins tryggða af slysförum – helst innan 48 klukkustunda.

### (2) Samstarf við greiningu á bótaskyldu

Til að skera úr um greiðsluskyldu okkar getum við farið fram á frekari nauðsynlegar sannanir og upplýsingar. Við áskiljum okkur rétt til þess að láta lækni í umboði okkar framkvæma skoðun eða krufningu ef þurfa þykir.

Verði okkur neitað um heimild til krufningar erum við leyst undan greiðsluskyldunni. Þetta á þó ekki við ef neitunin hefur engin áhrif á ákvörðun eða umfang bótaskyldu okkar.

**5.2 Hverjar eru afleiðingar þess að brjóta gegn samstarfsskyldu?**

Bætur okkar gjaldfalla þegar við höfum lokið nauðsynlegri gagnaöflun í því skyni að leggja mat á tryggingartilviknið og umfang bóta. Ef þú rækir ekki einhverja af þeim skyldum sem tilgreindar eru í þessum kafla getur það leitt til þess að við náum ekki að leggja mat á hvort eða að hve miklu leyti við erum bótaskyld. Brot gegn samstarfsskyldu getur þannig leitt til þess að bótageiðslur okkar gjaldfalla ekki.

## 6. Yfirlýsing vegna bótaskyldu okkar

**Hvenær gefum við út yfirlýsingu um bótaskyldu okkar?**

Veita verður okkur nauðsynleg sönnunargögn um tildrög slyssins og afleiðingar slyssins svo ákvarða megi bótaskylduna. Auk þess er okkur heimilt að afla sjálf nauðsynlegra gagna.

Þegar okkur hafa borist öll nauðsynleg sönnunargögn og að lokinni nauðsynlegri gagnaöflun tilkynnum við í síðasta lagi að fjórum vikum liðnum skriflega (til dæmis með bréfi,

símbréfi, tölvupósti) hvort við greiðum bætur og þá hversu miklar.

## 7. Tengsl þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ við grunnþáttinn

Í þessum hluta er fjallað um:

**7.1 Í hvaða tilvikum fellur þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ niður þegar grunnþættinum lýkur?**

**7.2 Hvaða áhrif hefur það á þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ að lækka iðgjaldið fyrir grunnþáttinn?**

**7.3 Hvaða áhrif hefur undanþága frá greiðslu iðgjalds fyrir trygginguna á þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?**

**7.4 Hvernig er hægt að hækka á ný eða endurvekja tryggingarvernd þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ eftir lækun iðgjalds eða undanþágu frá greiðslu iðgjalds?**

**7.5 Hvaða áhrif hefur uppsögn tryggingarinnar á þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?**

**7.1 Í hvaða tilvikum fellur þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ niður þegar grunnþættinum lýkur?**

### (1) Tengsl við grunnþáttinn

Þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ myndar eina heild ásamt grunnþættinum; ekki er hægt að halda honum áfram án grunnþáttarins. Þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ fellur þar af leiðandi niður í síðasta lagi þegar grunnþættinum lýkur eða í síðasta lagi við töku lífeyris úr grunnþættinum.

Ef greidd eru reglubundin iðgjöld og ef umsamin iðgjaldsgreiðslutími grunnþáttarins er styttri en tryggingar- eða biðtíminn, þá lýkur þættinum „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ í lok umsamins iðgjaldsgreiðslutíma.

### (2) Tryggingarvernd heldur áfram við óvinnufærni

Ef samið var um þáttinn „Lífeyrir vegna óvinnufærni“ og ef við höfum, að fullu eða að hluta, leyst þig undan þeirri skyldu að greiða iðgjöld vegna þess að hinn tryggði er óvinnufær, þá heldur þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ áfram.

**7.2 Hvaða áhrif hefur það á þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ að lækka iðgjaldið fyrir grunnþáttinn?**

Ef greidd eru reglubundin iðgjöld fyrir grunnþáttinn og ef iðgjald fyrir grunnþáttinn er lækkað skerðast greiðslur úr grunnþættinum. Þar af leiðandi skerðist líka tryggingarvernd þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ samkvæmt viðurkenndum aðferðum tryggingafræðinnar. Skertur tryggður höfuðstóll þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ samsvarar þá þeim hluta grunnþáttarins sem lækkaða iðgjaldið er framvegis greitt fyrir.

**7.3 Hvaða áhrif hefur undanþága frá greiðslu iðgjalds fyrir trygginguna á þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?**

Ef tryggingin er gerð iðgjaldsfrí fellur þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ úr gildi.

**7.4 Hvernig er hægt að hækka á ný eða endurvekja tryggingarvernd þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ eftir lækun iðgjalds eða undanþágu frá greiðslu iðgjalds?**

Ef greiðsla úr grunnþættinum og þar með tryggingarverndin úr þættinum „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ skerðist sökum þess að iðgjald lækkar eða vegna undanþágu frá greiðslu iðgjalds (tölul. 7.2) eða ef þátturinn fellur úr gildi (tölul. 7.3) má fara fram á að þessi tryggingarvernd hækki eða verði endurvakin gegn eingreiðslu iðgjalds.

Forsendur fyrir því eru:

- Beiðnin þarf að berast okkur innan sex mánaða frá lækkun eða frá því að iðgjaldsundanþága var veitt.
- Hlutfallið milli bóta úr þættinum „Höfuðstóll við andlát af slysförum“, annars vegar, og bóta úr grunnþættinum, hins vegar, eftir hækkun eða endurheimt, verður að vera í samræmi við það hlutfall sem ríkti fyrir lækkun eða undanþágu frá greiðslu iðgjalds.

Við veitum þér upplýsingar um frekari forsendur og áhrif ef óskað er.

## **7.5 Hvaða áhrif hefur uppsögn tryggingarinnar á þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?**

### **(1) Endurkaupsvirði tryggingarinnar**

Ef þú segir tryggingu upp, þá greiðum við – sé það fyrir hendi – endurkaupsvirði tryggingarinnar. Það er sett saman úr endurkaupsvirði grunnþáttarins og endurkaupsvirði annarra umsaminna þátta.

Endurkaupsvirði þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ er bótahöfuðstóll þáttarins (169. gr. laga um tryggingasamninga (VVG)) eins og hann reiknast samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar þar sem lagðar eru til grundvallar iðgjaldareikniforsendur á uppsagnardegi.

### **(2) Frádráttur**

Frá upphæðinni sem finnst samkvæmt 1. mgr. reiknum við frádrátt vegna grunnþáttarins og vegna frekari umsaminna þátta. Enginn frádráttur er þó vegna þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“. Í tryggingarupplýsingunum er tilgreint hversu hár frádrátturinn er.

Þar eru ástæður frádráttar sömuleiðis útskýrðar.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur sönnur á að í þínu tilfalli eigi frádráttur alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádráttur niður eða við lækkuðum hann í síðara tilvikinu, eftir því sem við á.

## **8. Undanþága frá greiðslu iðgjalds og uppsögn þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“**

---

Í þessum hluta er fjallað um:

### **8.1 Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu?**

### **8.2 Hvað gildir um uppsögn?**

#### **8.1 Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu?**

Ekki er hægt að gera þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ iðgjaldsfrían.

#### **8.2 Hvað gildir um uppsögn?**

Hægt er að segja upp þættinum „Höfuðstóll við andlát af slysförum“. Þú átt hins vegar hvorki rétt á endurkaupsvirði né iðgjaldsfríum bótum.

## B-hluti - Skyldur sem gilda um alla þætti

Hér er að finna mikilvægar skyldur og skuldbindingar sem gilda um fleiri en einn þátt. Frekari skyldur og skuldbindingar er að finna í A-hluta. Reglur B-hluta gilda um allan samninginn svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

### 1. Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð

#### Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?

##### (1) Tilkynningaskylda

###### a) Viðfangsefni tilkynningaskyldu

Áður en þú gefur samningsyfirlýsingu þína er þér skylt að segja til um allar aðstæður, sem hafa áhrif á áhættu sem þér eru kunnar og við höfum spurt um í textaformi, sannleikanum samkvæmt og undandráttarlaust. Aðstæður sem hafa áhrif á áhættu eru aðstæður sem skipta máli fyrir ákvörðun okkar um að gera samning yfirhöfuð eða með umsömdu efni.

Tilkynningaskyldan gildir einnig um þær spurningar varðandi aðstæður sem hafa áhrif á áhættu, sem við spyrjum um í textaformi eftir samningsyfirlýsingu þína, en fyrir samþykkt samnings.

###### b) Tilkynningaskylda hins tryggða

Ef tryggja á annan einstakling en þig er hann, auk þín, ábyrgur fyrir sönnum og undandráttarlausum svörum við spurningunum í textaformi.

###### c) Ætluð vitneskja þriðju aðila

Ef annar aðili svarar fyrir þína hönd spurningunum um aðstæður sem hafa áhrif á áhættu, gefum við okkur að þér sé kunnugt um vitneskju og sviksamlegan ásetning þessa aðila.

##### (2) Óæskileg réttaráhrif þess að brjóta gegn tilkynningaskyldu

###### a) Réttur okkar þegar brotið er gegn tilkynningaskyldu

Afleiðingar brots gegn tilkynningaskyldu koma fram í 19. til 22. gr. þýskra laga um tryggingarsamninga (VVG). Á þeim forsendum sem þar eru tilgreindar getum við

- rift samningnum,
- verið laus undan greiðsluskyldu,
- sagt samningnum upp,
- breytt samningnum eða
- véfengt hann vegna sviksamlegrar blekkingar.

Réttur okkar til riftunar, uppsagnar eða breytinga gildir aðeins ef við höfum bent þér á afleiðingar brota gegn tilkynningaskyldu með sérstakri tilkynningu á textaformi.

Ef samið var um þáttinn „Lífeyrir vegna óvinnufærni“ eða „Umönnunarlífeyrir“ eða um heilsutryggingu gildir eftirfarandi með hliðsjón af þessum þáttum: Við afsöllum okkur þeim rétti sem við eigum tilkall til samkvæmt 19. gr. laga um tryggingarsamninga (VVG) að mega breyta samningi og segja honum upp, ef brot gegn tilkynningaskyldu er ekki af þínum völdum.

###### b) Endurkaupsvirði og frádráttur við riftun eða vefengingu

Ef við riftum samningnum eða vefengjum samninginn vegna sviksamlegra blekkinga greiðum við endurkaupsvirðið sem yrði einnig greitt við riftun af þinni hálfu. Af þessari upphæð reiknum við frádrátt. Í tryggingarupplýsingunum er tilgreint hversu há frádrátturinn er. Þar eru ástæður frádráttar sömuleiðis útskýrðar. Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur sönnur á að í þínu tilfalli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækkuðum hann – í báðum tilvikum.

###### c) Frestur til að beita rétti okkar

Réttur okkar til að rifta, segja upp og breyta samningi fellur niður ef liðin eru meira en 5 ár frá samningsgerð. Þetta á ekki við ef við fáum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldu í gegnum bótamál sem upp kom fyrir lok þessa frests.

Frestur samkvæmt 1. setningu nemur 10 árum, ef brotið var gegn tilkynningaskyldu af ásettu ráði eða sviksamlega.

Réttur okkar til vefengingar vegna sviksamlegrar blekkingar fellur niður ef liðin eru tíu ár frá því að samningsyfirlýsing var afhent.

##### (3) Réttur þinn til uppsagnar við breytingu á samningi

Ef við hækkuðum iðgjaldið um meira en 10 prósent við breytingu á samningi, eða útilokum tryggingarvernd við aðstæður sem okkur var ekki tilkynnt um, má segja samningnum upp samkvæmt 6. mgr. 19. gr. laga um tryggingarsamninga (VVG).

##### (4) Tryggingarvernd aukin eða endurheimt

Málgreinar 1 til 3 gilda að sama skapi ef tryggingarvernd er aukin eða endurheimt eftir á þannig að nýtt áhættumat sé nauðsynlegt.

##### (5) Krafist er skriflegra gagna

Krafist er skriflegra gagna þegar beita á rétti til riftunar, uppsagnar, vefengingar eða breytingar á samningi. Símbref eða tölvupóstur uppfylla ekki kröfu um skrifleg gögn.

##### (6) Umboð til móttöku

Hafirðu ekki tilnefnt neinn annan sem umboðsmann telst bótaþegi hafa umboð til þess að taka við yfirlýsingu frá okkur að þér látnum.

Ef enginn bótaþegi er fyrir hendi eða ekki reynist unnt að hafa uppi á aðsetri hans getum við litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi umboð til að taka við yfirlýsingunni.

## 2. Skyldur sem snerta greiðslu iðgjalds

Í þessum hluta er fjallað um:

- 2.1 Hvers ber að gæta við greiðslu iðgjalds?
- 2.2 Hvað gildir ef fyrsta iðgjald eða eingreiðsla er ekki greidd á réttum tíma?
- 2.3 Hvað gildir ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

##### 2.1 Hvers ber að gæta við greiðslu iðgjalds?

###### (1) Greiðslutímabil

Iðgjald af tryggingunni skal greiða

- í einu lagi eða
- með reglubundnum iðgjöldum fyrir hvert umsamið greiðslutímabil. Í því tilviki og eftir því hvernig um samdist er greiðslutímabil einn mánuður, ársfjórðungur, hálf ár eða eitt ár. Þetta er tilgreint í tryggingarskírteininu. Iðgjöldin eru reiknuð út miðað við umsamið greiðslutímabil. Tryggingartímabil (12. gr. þýskra laga um tryggingarsamninga – VVG) samsvarar þannig umsömdu greiðslutímabili.

###### (2) Gjaldldagi iðgjalda

###### a) Fyrsta iðgjald eða eingreiðsla

Fyrsta iðgjald eða eingreiðsla skal greiða tafarlaust eftir gerð samningsins. Ef samið var um það okkar í millum að tryggingarvernd skuli ekki hefjast fyrr en síðar, gjaldfellur iðgjaldið ekki fyrr en að því kemur.

###### b) Framhaldsiðgjöld

Framhaldsiðgjöld gjaldfalla fyrsta dag hvers mánaðar í hverju umsömdu greiðslutímabili hafi ekki verið um annað samið.

### (3) Greitt á tilskildum tíma

Iðgjald er greitt á réttum tíma ef þú gerir tafarlaust allt á gjalddaga til þess að iðgjaldið berist okkur.

Ef samið var um að iðgjald skyldi greitt með skuldfærslu (5. mgr.) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef

- við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga og
- eigandi reiknings mótmælir ekki réttmætri innheimtu.

Ef ekki reyndist unnt að innheimta gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum hvatt þig skriflega til að greiða iðgjaldið (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti).

### (4) Áhætta við millifærslu

Sending iðgjalds fer fram á þína ábyrgð og á þinn kostnað.

### (5) Greitt með skuldfærslubeiðni

#### a) SEPA-skuldfærsluheimild

Ef skuldfæra skal iðgjald af reikningi (skuldfærslukerfi) verður að veita okkur til þess SEPA-skuldfærsluheimild.

#### b) Mánaðarleg iðgjöld

Mánaðarleg iðgjöld skal greiða í skuldfærslukerfi.

#### c) Afleiðingar misheppnaðrar skuldfærslu

Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald og berir þú ábyrgð á því,

- getum við framvegis farið fram á það að greiðslur fari aðeins fram utan skuldfærslukerfisins;
- er okkur heimilt að breyta mánaðarlegu greiðslutímabili í ársfjórðungslegt greiðslutímabil.

Að öðru leyti gilda reglur um vanskil (sjá tölul. 2.2 og 2.3).

## 2.2 Hvað gildir ef fyrsta iðgjald eða eingreiðsla er ekki greidd á réttum tíma?

### (1) Tryggingarvernd stefnt í hættu

Upphaf tryggingarverndar er háð því að iðgjald sé greitt á réttum tíma (sjá C-hluta, tölul. 1). Ef fyrsta iðgjald eða eingreiðsla er ekki greidd á réttum tíma í skilningi 2. mgr., a-lið, tölul. 2.1 hefst tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma þegar iðgjaldið er greitt. Okkur er ekki skylt að greiða fyrir bótamál sem koma upp í millitíðinni, nema hægt sé að sýna okkur fram á að greiðslufallið var ekki þér að kenna.

Við getum aðeins nýtt rétt okkar til að greiða ekki bætur ef við höfum ekki bent þér á réttaráhrif þess að greiða ekki iðgjaldið, með sérstakri tilkynningu í textaformi (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) eða skýrri ábendingu í tryggingarskráeininu.

### (2) Riftunarréttur okkar

Ef þú greiðir fyrsta iðgjald eða eingreiðslu ekki á réttum tíma getum við rift samningnum svo lengi sem þú hefur ekki innt greiðsluna af hendi. Riftunarrétturinn er útilokaður ef sannað er að þú berir ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

## 2.3 Hvað gildir ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

### (1) Vanskil

Ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á tilskyldum tíma í skilningi 2. mgr., b-lið, tölul. 2.1 er það komið í vanskil án frekari greiðsluáskorana. Þá eigum við rétt á að krefjast endurgreiðslu þess tjóns sem af vanskilunum hlaut.

Þú lendir ekki í vanskilum ef þú berð ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

### (2) Frestir

Ef þú greiðir framhaldsiðgjald ekki á réttum tíma getum við sett þér gjaldfrest í textaformi (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) á þinn kostnað. Greiðslufresturinn verður að vera að minnsta kosti tvær vikur.

### (3) Tryggingarvernd fellur niður eða skerðist ef frestur líður án árangurs

Í tryggingartilvikum sem upp koma eftir að veittur gjaldfrestur er liðinn fellur tryggingarvernd niður eða skerðist, ef

- greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar tryggingartilvik kemur upp og
- við höfum bent þér á þessi réttaráhrif um leið og fresturinn var veittur.

### (4) Réttur okkar til uppsagnar ef frestur líður án árangurs

Ef greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar veittur gjaldfrestur er á enda getum við sagt samningnum upp án uppsagnarfrests. Skilyrði þessa er að við höfum bent þér á réttaráhrifin um leið og frestur var veittur.

Við getum lýst yfir uppsögn um leið og frestur er veittur.

Ef greiðslan er enn í vanskilum þegar fresturinn er liðinn tekur uppsögn sjálfkrafa gildi. Við bendum skilmerkilega á þetta við uppsögn.

### (5) Samningur heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um greiðist eftir á

Uppsögn okkar er ógild og samningurinn heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um er greidd innan eins mánaðar.

Þessi eins mánaðar frestur hefst um leið og uppsögnin eða, ef uppsögn tók gildi um leið og fresturinn, þegar greiðslufrestur rennur út.

Fyrir bótamál sem koma upp milli þess að gjaldfrestur er liðinn og eftirágreiðsla er innt af hendi fellur tryggingarverndin niður eða skerðist.

## 3. Frekari samstarfsskyldur

### Hverjar eru aðrar samstarfsskyldur þínar?

#### (1) Skylda til að láta í té nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn

Ef lagalegar reglur skylda okkur til að afla upplýsinga og gagna um tryggingu þína og tilkynna um þau verður þú að láta okkur í té tafarlaust (sem merkir án sagnæmrrar tafar) nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn við samningsgerð eða þegar eftir því verður leitað. Þetta á einnig við ef breytingar verða síðar meir á þeim upplýsingum, gögnum og fylgigögnum sem þú lést í té við samningsgerð eða þegar eftir því var leitað.

Ef þriðji aðili á réttindi byggð á samningnum og ef staða hans varðandi gagnaöflun og tilkynningar er einnig afgerandi á samstarfsskylda þín sömuleiðis við um slíkt.

#### (2) Nauðsynlegar upplýsingar

Nauðsynlegar upplýsingar í skilningi 1. mgr. eru til dæmis aðstæður sem geta verið afgerandi við mat á persónulegu skattalegu lögheimili þínu, skattalegu lögheimili þriðju aðila sem eiga kröfu á grundvelli samningsins, sem og skattalegu lögheimili þess sem tekur við bótageiðslunum. Þar vege þyngst þýsk og erlend skattaleg lögheimili, auðkennisnúmer gagnvart skatti, fæðingarstaður og heimilisfang, skattalegt auðkennisnúmer, fæðingardagur, fæðingarstaður og lögheimili.

#### (3) Lögboðið samstarf vegna tilkynningaskyldu vanrækt

Ef við sem tryggjandi lútum lögboðinni tilkynningaskyldu þurfum við að tilkynna nauðsynlegar upplýsingar í skilningi 2. mgr. til innlendra og erlendra skattyfirvalda. Ef þú lætur

## B-hluti - Skyldur sem gilda um alla þætti

okkur nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn ekki í té eða ekki á tilskyldum tíma verður þú að gera ráð fyrir að við tilkynnum innlendum og erlendum skattafirvöldum um samningsgögn þín, óháð því hvort skattalegt lögheimili erlendis sé fyrir hendi eða ekki. Ef þú rækir ekki samstarfsskyldur þínar samkvæmt 1. og 2. mgr. er okkur heimilt að halda eftir bótagreiðslum.

Þetta á við þar til okkur hafa verið veittar þær upplýsingar sem við þörfumst til að geta staðið við lagaskyldur okkar.

## C-hluti - Almennar reglur

Reglur C-hluta gilda um allan samninginn, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

### 1. Upphaf tryggingarverndar

**Hvenær hefst tryggingarverndin?**

**(1) Grundvallarregla**

Tryggingarverndin hefst með lokum samningsgerðar en þó ekki fyrir þann tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu.

Tryggingarverndin hefst því aðeins á tilgreindum tíma að þú hafir greitt fyrsta iðgjald eða eingreiðslu á réttum tíma í skilningi 2. mgr., a-lið, tölul. 2.1 í B-hluta. Ef þú greiðir iðgjaldið ekki á réttum tíma hefst tryggingarverndin ekki fyrir en frá þeim tíma þegar þú greiðir iðgjaldið (sjá 1. mgr. tölul. 2.2 í B-hluta).

Við greiðum ekki bætur vegna tryggingartilvika sem upp koma fyrir upphaf tryggingarverndar.

**(2) Tryggingarvernd aukin**

Ef tryggingarvernd er aukin eftir á gildir 1. mgr. einnig um þessa aukningu tryggingarverndar.

### 2. Tryggingarskírteini

**Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteini?**

**(1) Eigandi**

Við getum litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi heimild til að ráðstafa réttindum samkvæmt tryggingarsamningnum, sérstaklega að taka við bótum. En við getum farið fram á það að eigandi tryggingarskírteinisins sanni okkur rétt sinn.

**(2) Sönnun á ráðstöfunarrétti**

Ef bótaþegi hefur veitt öðrum eða afturkallað viðtökurétt eða afsalað sér eða veðsett kröfur þarfur við eingöngu að viðurkenna staðfestingu á þessum rétti frá eiganda tryggingarskírteinis ef sá sem hafði þennan rétt hingað til hefur tilkynnt okkur um breytinguna skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti).

### 3. Þýskur réttur

**Hvaða réttur gildir um samninginn?**

Um samning þennan gildir þýskur réttur.

### 4. Varnarþing

**Hvar er hægt að bera fram kröfur fyrir rétti?**

**(1) Dómstóll með lögsögu í málshöfðunum þínum á hendur okkur** Þú getur höfðað mál byggt á

tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni fyrir dómstóli sem hefur lögsögu þar sem við erum með aðsetur eða það útibú sem annast samning þinn. Þú getur einnig höfðað mál fyrir þeim dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili þegar málið er höfðað, eða venjulegt aðsetur ef lögheimili er ekkert.

Ef tryggingaþegi er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð, GmbH) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignarábyrgð, Kommanditgesellschaft), þá ræðst varnarþing af aðsetri þess.

Ef lög heimila að fleiri varnarþing komi til greina sem ekki er hægt að útiloka með samningum, er einnig hægt að höfða mál þar.

**(2) Dómstóll með lögsögu í málshöfðunum okkar á hendur þér**

Mál sem byggja á tryggingarsamningnum verðum við að höfða fyrir þeim dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili þegar málið er höfðað, eða venjulegt aðsetur ef lögheimili er ekkert.

Ef ekki er kunnugt um lögheimili þitt eða venjulegan dvalarstað þegar málið er höfðað má höfða mál fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem útibú okkar sem annast samning þinn er eða höfuðstöðvar okkar eru.

Ef tryggingaþegi er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð, GmbH) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignarábyrgð, Kommanditgesellschaft), þá ræðst varnarþing af aðsetri þess. Ef aðsetur þess er óþekkt getum við höfðað mál fyrir dómstóli sem hefur lögsögu þar sem við erum með aðsetur eða það útibú sem annast samning þinn.

**(3) Varnarþing ef þú býrð utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss**

Ef þú flytur heimili þitt eða fast aðsetur til ríkis utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss eftir samningsgerð getum bæði þú og við eingöngu höfðað mál samkvæmt tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem höfuðstöðvar okkar eða útibú eru sem annast samning þinn.

### 5. Fyrning

**Hvenær fyrnast kröfur samkvæmt samningnum, lögum samkvæmt?**

**(1) Fyrningarfrestur og ráðandi lagareglur**

Kröfur sem byggja á samningnum fyrnast á þremur árum samkvæmt 195. gr. „Borgaralegrar lögbókar“ (BGB). Nánar um upphaf, lengd og hlé á fyrningu er að finna í 195. til 213. gr. „Borgaralegrar lögbókar“ (BGB).

**(2) Fyrningu frestað meðan greiðsluskylda okkar er í athugun**

Ef okkur berst krafa samkvæmt samningnum er fyrningu hennar frestað þar til þér eða þeim sem lagði kröfuna fram berst ákvörðun okkar skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi eða tölvupósti).



## Hugtakaskýringar

Hér verða mikilvæg hugtök skilgreind. Í meginmáli fyrsta þáttar höfum við auðkennt þessi hugtök með „→“. Dæmi: →Tryggingaþegi.

### Matssjóðir:

Þegar fjárfestingar okkar eru metnar geta myndast matssjóðir. Þeir verða til þegar markaðsvirði fjárfestinga er hærra en verðgildið sem fjárfestingarnar eru bókfærðar á í efnahagsreikningi. Matssjóðir tryggja öryggi og gera það mögulegt að jafna út skammtímasveiflur á fjármagnsmörkuðum.

### Reiknistuðull:

Við lýsingu á reiknistuðlum þeim sem prósentuhluti hagnaðarhlutdeildar vísar til hverju sinni, notum við hugtök úr tryggingastærðfræðinni. Reiknistuðlarnir ráðast einkum af tryggingarþættinum, umsömdu iðgjaldi og upphæð tryggðs höfuðstóls við andlát. Reiknistuðlarnir eru fundnir samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar.

### Bótahöfuðstóll:

Bótahöfuðstóll tryggingarinnar er reiknaður út samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar út frá forsendum iðgjaldaútreiknings. Hann er grundvöllur fyrir endurkaupsvirði, lokagreiðslu og hlutdeild í matssjóðum.

### Framlag í bótasjóð:

Tryggingarfélagum ber lagaleg skylda til að mynda bótasjóði vegna skuldbindinga gagnvart tryggingaþegum. Bótasjóðir samsvara þeirri upphæð sem þarf að vera fyrir hendi svo hægt sé, ásamt væntanlegum tryggingaiðgjöldum, að fjármagna tryggðar tryggingargreiðslur. Bótasjóðir eru reiknaðir út samkvæmt ákvæðum 341. gr. e og f í verslunarlögum (HGB) og bótasjóðsreglugerð.

### Kostnaður:

Kostnaður í skilningi þessara skilmála er sá kostnaður sem tekið var tillit til í iðgjaldaútreikningi (samningsgerðar- og sölukostnaður sem og annar kostnaður). Til annars kostnaðar telst einkum umsýslukostnaður. Til kostnaðar í skilningi þessara skilmála telst auk þess kostnaður af sérstökum ástæðum af þínum völdum, sem við getum innheimt.

### Félagatryggingar:

Í félagatryggingum er um fleiri en einn tryggðan aðila að ræða. Reglurnar í tryggingarskilmálunum sem eiga við um hinn tryggða gilda eins um félagatryggingar. Í þessum tryggingum er nóg að einn hinna tryggðu lendi í þeim aðstæðum sem tilgreindar eru í tryggingarskilmálunum, nema annað komi fram í tryggingarskilmálunum.

### Reiknaður aldur:

Reiknaður aldur er aldur hins tryggða hverju sinni - þá er aldursári sem er hafið en ekki lokið bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir.

### Reiknivextir:

Reikningsvextir eru sú vaxtaþrósentia sem nauðsynleg er til að standa undir tryggðum bótum.

### Varasjóður vegna endurgreiðslu iðgjalda:

Varasjóður fyrir endurgreiðslu iðgjalds (RfB) er ákveðinn tryggingartæknilegur varasjóður í ársuppgjöri tryggingafélags. Þessi varasjóður er ígildi verðmætis krafna tryggingartaka vegna hlutdeildar í framtíðarhagnaði í skilningi verslunarlaga. Með varasjóðnum er með tímanum hægt að jafna út sveiflur í hagnaði - sem eru einkum algengar hvað fjármagnstekjur varðar.

### Töflur:

Við getum reiknað út líkur á tilteknum atburðum út frá töflum. Þær eru grundvöllur útreikninga okkar sem tryggja að við getum staðið við samningsbundnar skuldbindingar okkar.

- Með dánartíðnitöflum getum við fundið út dánarlíkur.
- Með frekari töflum getum við áætlað líkur á öðrum vátryggingaratburðum, svo sem upphafi og enda óvinnufærni eða umönnunarþarfar, tíðni dauðsfalla hjá óvinnufærum og þeim sem umönnunarþurfi eru, endurteknum hjónaböndum og svo framvegis.

### Prósentuhlutur í hagnaði:

Prósentuhlutir í hagnaði eru ákvarðaðir sem prósentuhlutir tiltekinna reiknistuðla. Slíkt fer fram fyrir hvern hagnaðar- og undirhóp fyrir sig sem og fyrir mismunandi tegundir hagnaðarhluta (sjá tölul. 2.2, A-hluti - Áhættulíftrygging Plús). Prósentuhlutir í hagnaði eru tilgreindir hverju sinni í prósentum í viðauka við ársskýrslu okkar eða tryggingartaka er greint frá þeim með öðrum hætti.

### Ábyrgur tryggingafræðingur:

Sérhvert tryggingafyrirtæki verður að kalla til ábyrgan tryggingafræðing. Þessi aðili verður að vera áreiðanlegur og hæfur og búa yfir nægilegri kunnáttu í tryggingastærðfræði og starfsreynslu. Ábyrgur tryggingafræðingur skal einkum fylgjast með því að hægt verði til frambúðar að standa við skuldbindingar gagnvart tryggingaþegum og að við útreikning á iðgjöldum og framlögum í bótasjóð sé farið að ákvæðum laga (141. gr. laga um tryggingaæftirlit - VAG).

### Hinn tryggði:

Hinn tryggði er sá sem er líftryggður. Hinn tryggði þarf ekki nauðsynlega að vera tryggingaþegi. Í félagatryggingum er um fleiri en einn tryggðan aðila að ræða.

### Tryggingaþegi:

Tryggingaþegi er sá sem sótti um trygginguna. Hann er tilgreindur þannig í tryggingarskírteininu. Réttindi og skyldur sem kveðið er á um í tryggingarskilmálunum eiga fyrst og fremst við um tryggingaþega sem viðsemjanda okkar.

Allianz Lebensversicherungs-AG

## Yfirlit yfir kostnað vegna viðbótarumsýslu

Ef umsýslukostnaður eykst af einhverjum sérstökum ástæðum af þínum völdum gildir eftirfarandi kostnaður, svo framarlega sem sömu tilefni eru tilgreind í tryggingarskilmálum sammingsins.

Nr.	Tilefni	Upphæð	Innheimta
1	Útgáfa varaskjals fyrir tryggingarskírteinið eða afrit af tryggingarskírteininu	20 evrur	ekki sem stendur
2	Greiðslufrestur þegar framhaldsiðgjöld eru ekki greidd	3 evrur	ekki sem stendur
3	Úrvinnsla eftirstandandi greiðslu	20 evrur	ekki sem stendur
4	Úrvinnsla endursendingar skuldfærslubeiðni	3 evrur	já
5	Frágangur sammingsbreytinga	40 evrur	ekki sem stendur
6	Vinna við afsöl og veðsetningar	25 evrur	ekki sem stendur
7	Öflun yfirlýsinga einstaklinga um lausn frá þagnarskyldu	15 evrur	ekki sem stendur
8	Iðgjaldssendingar frá þér frá stað utan SEPA-greiðsluvæðisins* eða greiðslusendingar frá okkur til staðar utan SEPA-greiðsluvæðisins*.	35 evrur	ekki sem stendur

Útgáfa: 1. júní 2015

\* Á við um SEPA-greiðsluvæðið frá 1. ágúst 2014, en ekki lengur Þýskaland.